



Tómstundastarf aldraðra í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi

Nú er tómstundastarf aldraðra í Langanesbyggð að hefjast á ný og verður fyrsta opnun í Glaðheimum þriðjudaginn 20. september n.k.

Helga Jóhannesdóttir mun áfram sjá um starfsemina og verður með fasta viðveru á Nausti og í Glaðheimum skv. eftirfarandi:

Mánudaga 16-18 á Nausti (efri hæð)

Þriðjudaga 15-17 í Glaðheimum

Fimmtudaga 16-18 á Nausti (efri hæð)

Lestur verður alla miðvikudaga kl 14 á Nausti (efri hæð) í umsjón Kristínar Kristjánsdóttur.

Eldri borgarar í Langanesbyggð eru hvattir til þess að fjölmenna og taka þátt í þessu líflega starfi.

Skeglan

Skeglan kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.

Auglýsingar berist á netfangið skeglan@simnet.is eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.

Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 21. september 2016.

Gjaldskrá: Hálf síða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.

Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.

Skeglan

Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir

Fréttabréf á Langanesi og nágrenni
36. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 7. september 2016



Íbúasamtök Raufarhafnar og "Raufarhöfn og framtíðin" auglýsa:

Íbúafund 20. september næstkomandi
Staðsetning: Hnitbjörgum
Tími: 17:30

Dagskrá:

- Staða verkefnisins "Raufarhöfn og framtíðin"
- Blokkinn
- SR lóðin- hvað viljum við gera fyrst?
- Lokun sundlaugar- vinnubrögð
- Félagsstarf barna og unglinga
- Tankarnir
- Þátttaka og félagsstarf

Sveitarstjórnarfundur verður á á sama tíma og sveitarstjórnarfulltrúum boðið að koma á íbúafundinn að loknum þeirra fundi. Þá fáum við tækifæri til að kynna þeim niðurstöður íbúafundarins og ræða önnur mál.

Örnefni – gildi þeirra í fortíð og framtíð



Urðarbrunnur - menningarfélag og Hið þingeyyska fornleifafélag bjóða til kynningarfundar um örnefni og gildi þeirra í fortíð og framtíð í Seiglu - miðstöð sköpunar á Laugum í Þingeyjarsýslu laugardaginn 17. september klukkan 15:00.

Fjallað verður um þann menningararf sem örnefnin eru og hvernig megi nýta þau til þess að kasta ljósi á söguna og sem mögulegan valkost í menningartengdri ferðabjónustu með það að markmiði að létta ániðslu á helstu náttúruverjum landsins. Kynnt verður verkefni sem lítur að merkingu örnefna í skráningargrunn Landmælinga Íslands og möguleg notkun þeirra upplýsinga á ferðalögum um landið.

Erindi flytja:

- Hallgrímur J. Ámundason – verkefnisstjóri á örnefnasviði hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
- Rannveig Benediktsdóttir – verkefnisstjóri á sviði landupplýsinga og örnefna hjá Landmælingum Íslands
- Halldór Valdimarsson – verkefnisstjóri örnefnaverkefnis Urðarbrunnar – menningarfélags

Urðarbrunnur-menningarfélag – Hið þingeyyska fornleifafélag – Minjastofnun Íslands

Viðtalstími lánasérfræðings

Lánasérfræðingur Byggðastofnunar verður til viðtals:

- í Öxi Kópaskeri þann 20. sept. n.k. á milli kl.15:00-16:30,
- í stjórnslýsluhúsinu Raufarhöfn þann 21. sept. n.k. á milli 9:30-11:00
- í starfstöð RML Langanesvegi 1 á Þórshöfn þann 21.sept. n.k. á milli 13:30-15:00

Núverandi og nýjir viðskiptavinir
velkomnir til að ræða lánamöguleika hjá
Byggðastofnun.



BYGGÐASTOFNUN

Sími 455 54 00 postur@byggdastofnun.is
Fax 455 54 99 byggdastofnun.is